

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar í skólanefnd:

Aðalmenn: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður, Sigurður A. Þórarinsson, Hrefna Frímansdóttir og Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson.

Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar sátu fundinn: Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskólans og Sólbjört Sigríður Gestsdóttir, fulltrúi starfsfólks leikskólans.

Formaður setti fund kl. 17:07

#### Dagskrá:

---

1. Talmeinafræðingur hefur komið aukalega, m.a. vegna fjölda tvítyngdra barna þar sem mörg börn fara í Told próf. Mælt með því að börn fari til talmeinafræðings ef þau fá ákveðna útkomu út úr hlóm 2 prófi.
2. Mikið búið að vera um fjarvistir og veikindi á starfsmönnum leikskólans í vetur sem hefur sett strík í daglegt starf. Rætt um hvort rétt væri að setja upp stimpilklukku til að halda betur utan um mætingar.
3. Sigrún sagði frá námskeiði sem hún og Elísabet Lára Björgvinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri sóttu. Þetta námskeið hét Rétt málsmeðferð – ánægðir starfsmenn og var markmið námskeiðsins að þátttakendur þekki ferli ráðningarmála og uppsagna, geti brugðist við af öryggi og beitt meginreglum stjórnisylsuréttar þegar við á.
4. Undirbúningur er hafinn vegna útskriftar og stefnt er að opnu húsi í vor föstudaginn 2. maí. Útskriftarferð elstu barnanna verður fimmtudaginn 22. maí og verður gengið á Gráukúlu með nesti og nýja skó. Formleg útskrift verður miðvikudag 28. maí. Foreldrar eru velkomnir með í ferðina.
5. Starfsdagur var 27. febrúar, þá var unnið að skólanámsskrá leikskólans, búið var að vinna vel upp grunnþætti menntunar, (skólanefnd fær þetta efni sent í tölvupósti) og því var komið að námsþáttunum (sjá fylgiskjal í tölvupósti). Sigrún kynnti grunnþættina og sýndi nefndarmönnum bæklinga um grunnþættina. Kynning á því efni sem er komið er eftir vinnu starfsfólks leiksskólans. Þetta efni er sent nefndarmönnum.
6. Næsti starfsdagur verður mánudaginn 14. apríl, þá verður farið yfir foreldraviðtöl, starfið næsta vetur skipulagt og svo verða deildarfundir. Örlitlar breytingar eru á nemendahópnum. Litlar breytingar verða á starfsmannaskipan. Sólbjört fer í fæðingarorlof og Karina Nielsen leysir hana af. Einhverjar breytingar verða á starfshlutfalli hjá örfáum starfsmönnum.
7. Nú eru komnar umsóknir fyrir 64 börn og stefnt er að því að þau verði öll komin inn í nóvember 2014. Það þarf að skoða hvernig þessi barnafjöldi kemur út í starfsmannafjölda.

8. Sigrún og Hrafnhildur fóru í Borgarnes á fund á vegum Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands, vegna Félags leikskólakennara annars vegar og Félags stjórnenda leikskóla hins vegar. Átta fundi, einn í hverjum landshluta, til að ræða sameiginlega framtíðarsýn leikskólans. Er það gert á grundvelli bókunar með kjarasamningi sömu aðila sem tóku gildi vorið 2011. Samið var við Capacent um að stýra verkefninu.
9. Leikskólinn verður lokaður vegna sumarleyfa frá 7. júlí til 8. ágúst að báðum dögum meðtöldum. Foreldrum er boðið að taka auka sumarfrís vikur fyrir börnin sín. Það eru nú þegar orðnar fyrirspurnir frá foreldrum um lengra sumarfrí. Það gefur þá rúm til að taka inn nýja nemendur fyrir í aðlögun.
10. Önnur mál
  - a. Hrefna kom með fyrirspurn fyrir hönd foreldrafélags þar sem fulltrúi frá þeim var ekki mættur. Hún spurði um bílastæðismál við leiksskólann. Foreldrafélagið er ekki sátt við bílastæðið sem þeim finnst vera of lítið og of fá stæði. Það kom fram í svari Sigrúnar að verið væri að ræða þessi mál og þau væru núna hjá skipulags- og byggingarnefnd.
  - b. Hrefna kom með aðra fyrirspurn fyrir hönd foreldrafélagsins um umhirðu trjáplantna og gróðurs við leiksskólann þar sem garðurinn í kringum leiksskólann er frekar flókinn. Sigrún sagði að það stæði til að einfalda garðinn eitthvað svo auðveldara væri að hugsa um hann. Það þyrfti einnig að loka fyrir sandkassann þar sem sandurinn fýkur úr kassanum og kassinn tæmist.
  - c. Umræður voru um netsamband í leikskólanum og talið brýnt að þráðlaust samband kæmi sem fyrst til að hægt yrði að nýta tölvutækni til hins ítrasta. Það hefur staðið til í þó nokkurn tíma að koma upp þráðlausu sambandi.
  - d. Næsti skólanefndarfundur er fyrirhugaður 8.mái kl.17:30 og verður þá sameiginlegur fyrir bæði grunnskóla og leiksskóla.

Fundargerð var lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:22

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður, (sign),

Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, (sign),

Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson, fulltrúi, (sign),

Hrefna Frímannsdóttir, fulltrúi, (sign),

Sigurður A. Þórarinsson, fulltrúi, (sign),

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir, fulltrúi starfsfólks leikskóla, (sign).